

# MND – teymið

## Upplýsingarit



MND sjúkdómurinn er hreyfitaugungahrönnun sem einkennist af minnkandi styrk vöðva og rýrnun þeirra.

Sjúkdómurinn hefur í för með sér miklar breytingar á lífi fólks.

Þessum bæklingi er ætlað að veita upplýsingar um þá stuðnings- og meðferðaraðila sem MND sjúklingar og aðstandendur þeirra geta leitað til.

## Félagsráðgjafi

Félagsráðgjafi veitir þeim sem greinst hefur með MND sjúkdóminn sem og fjölskyldu hans sálfélagslegan stuðning og ráðgjöf í kjölfar breyttra aðstæðna, s.s. með einstaklings-, para- og/eða fjölskylduviðtölum. Unnið er að lausn persónulegs og félagslegs vanda og upplýst um samfélagsleg úrræði og réttindi. Félagsráðgjafi tekur þátt í að skipuleggja félagsleg úrræði í samræmi við breyttar þarfir einstaklingsins og/eða fjölskyldu hans og hefur samvinnu við aðra meðferðaraðila og stofnanir eftir því sem við á.

### Félagsráðgjafi teymisins er:

Sólveig Huld Guðmundsdóttir. Sími: 543 9774 og 825 5107. Netfang: solvgud@lsh.is

## Hjúkrunarfræðingar

Hjúkrunarfræðingur á dagdeild taugalækningadeildar er megin- tengiliður MND teymis við aðstandendur og fagaðila utan deildar. Fræðsla og stuðningur við sjúklinga og aðstandendur er stór þáttur í starfinu. Hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar annast hjúkrun MND veikra á legudeild og eru þeir í nánum tengslum við aðstandendur og MND teymið. Þar sem hjúkrunarfræðingar eru til staðar allan sólarhringinn á taugalækningadeild er hægt að ná sambandi við þá ef einhverjar spurningar vakna heima.

### Hjúkrunarfræðingur teymisins er:

Þórunn Marsilía Lárusdóttir göngudeild taugalækninga A-2. Sími: 543 4010 / gsm: 824 5652. Netfang: thorunnl@lsh.is

Hjúkrunarfræðingar göngudeild taugalækninga A-2 Sími: 543 4010.

Sólveig Haraldsdóttir á B-2 Sími: 543 6101. Netfang: solvhar@lsh.is

Ásdís Ingvarsdóttir Heimahlynningu LSH. Sími: 543 6360

Netfang: asdising@lsh.is

### Lungnahjúkrunarfræðingar teymisins eru:

Bryndís S. Halldórsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun Sími: 825 5171.

Netfang: brynhall@lsh.is

Þjörg Eysteinsdóttir, hjúkrunarfræðingur. Sími: 825 3601. Netfang: bjorgey@lsh.is

Hægt er að ná í hjúkrunarfræðing MND teymisins í gsm 824 5652 alla virka daga frá kl 8-16. Einnig má leggja inn skilaboð í síma 543 4010.

Hægt er að ná í hjúkrunarfræðing á taugalækningardeild B-2 í síma 543 6101 fyrir innliggjandi sjúklinga.

## Iðjubjálfi

Markmiðið með íhlutun iðjubjálfa er að skjólstæðingur geti verið sjálfbjarga eins lengi og kostur er. Iðjubjálfi veitir ýmsa fræðslu og ráðgjöf, t.d. varðandi líkamsbeitingu, hjálpartæki og húsnæðisbreytingu. Einnig metur iðjubjálfi færni skjólstæðings við daglega iðju í hans umhverfi þar sem metnar eru félags- og efnislegar aðstæður, t.d. aðstæður innandyra og hvernig skjólstæðingi gengur að fara um. Þetta er oft gert í samvinnu við sjúkrapjálfa.

### Iðjubjálfi teymisins er:

Guðríður Erna Guðmundsdóttir. Sími: 543 9133 / gsm: 825 9435. Netfang: [guðrideg@lsh.is](mailto:guðrideg@lsh.is)

## Læknar

Læknar teymisins sjá um greiningu og lyfjameðferð MND sjúkdómsins og fylgikvilla hans. Þessi vinna er að talsverðu leyti unnin í samvinnu við aðra lækna, heilsugæslulækna og sérfræðinga, auk samvinnu við aðra meðlimi MND teymis.

### Læknar teymisins eru:

Grétar Guðmundsson Sími: 543 4403 / gsm: 824 5616. Netfang: [gretar@lsh.is](mailto:gretar@lsh.is)

Enchtuja B Suchegin. Sími: 543 6121 / gsm: 825 5024. Netfang: [enchtuja@lsh.is](mailto:enchtuja@lsh.is)

Björn Logi Þórarinsson. Sími: 543 9326 / gsm: 825 3850. Netfang: [bjornlth@lsh.is](mailto:bjornlth@lsh.is)

## Næringarráðgjafi

Næringarráðgjafi í MND- teymi veitir skjólstæðingi og fjölskyldu einstaklingsbundna fræðslu og ráðgjöf varðandi mat og næringu. Hann metur næringarástand, gerir næringaráætlun og fylgir eftir. Næringarráðgjafi sér um alla fræðslu og ráðleggingar sem tengjast næringardrykkjum og/ eða sondunæringu, auk þess sem hann sækir um niðurgreiðslu hjá Sjúkratryggingum Íslands. Næringarráðgjafi fer í heimavítjanir ef þörf er á. Allir, hvort sem er skjólstæðingur eða aðstandendur, eru hvattir til að hafa samband ef spurningar koma upp varðandi fæðuval, áferð fæðisins, ráðleggingar um vítamín og steinefni, breytingar á matarlyst, erfiðleika við að matast/ nærast og ef breytingar verða á næringarástandi eða þyngd.

### Næringarráðgjafi teymisins er:

Guðlaug Gísladóttir. Sími: 543 8409 / gsm: 825 3660. Netfang: [gudgisl@lsh.is](mailto:gudgisl@lsh.is)

## Sálfræðingur

Þeir sem greinast með MND sjúkdóminn eiga þess kost að hitta sálfræðing teymisins. Ef þörf er og óskað er eftir getur hann fylgt viðkomandi eftir. Einnig stendur nánustu aðstandendum hans sálfræðipjónusta til boða. Oft er gott fyrir fjölskylduna að koma saman í viðtal og þá áframhaldið metið út frá því. Sjúkdómurinn hefur í för með sér miklar breytingar á lífi fólks. Fyrst eftir greininguna getur sjúklingnum og aðstandendum hans fundist sem fótunum sé alveg kippt undan sér. Það sem áður var sjálfsagt er það ekki lengur og ýmsar tilfinningar s.s. depurð, kvíði, streita o.fl. geta komið upp á yfirborðið. Sálfræðingurinn getur aðstoðað við að vinna úr þessum vandamálum.

### Sálfræðingur teymisins er:

Sólveig María Ólafsdóttir. Sími: 543 9212 / gsm: 825 5137. Netfang: [solveigo@landspitali.is](mailto:solveigo@landspitali.is)

## Sálgæsla

Sálgæsla presta og djákna getur verið skammvinn samfylgd og stuðningur við sjúkling og aðstandendur eða hluti af reglubundnu stuðningsneti viðkomandi einstaklings. Ávallt er hægt að ná í vakthafandi prest eða djákna innan sjúkrahússins en prestur teymisins sinnir að jafnaði eftirfylgd og skipulögðum viðtölum.

### **Prestur teymisins er:**

sr. Gunnar Rúnar Matthíasson. Sími: 543 8308 / gsm: 824 5501. Netfang: gmatt@lsh.is

## Sjúkraþjálfari

Sjúkraþjálfari metur hreyfigetu og almenna færni. Einnig metur hann þörf fyrir hjálpartæki í því augnamiði að viðkomandi geti verið sem mest sjálfbjarga eins lengi og hægt er. Sjúkraþjálfari er ráðgefandi varðandi þjálfun, leiðbeinir sjúklingum og aðstandendum um æfingar og heppilega þjálfunarmöguleika. Einnig getur hann verið tengiliður við sjúkraþjálfara utan teymisins ef óskað er.

### **Sjúkraþjálfari teymisins er:**

Ásta Kristín Gunnarsdóttir. Sími: 543 9300 / gsm: 825 3802. Netfang: astakg@landspitali.is

## Talmeinafræðingur

Talmeinafræðingur metur með sérstökum prófum tal og mál MND veikra. Hann gefur jafnframt ráð um tjáskipti og lengri tíma meðferð sé það nauðsynlegt.

Talmeinafræðingur metur einnig hreyfigetu vöðva í munni og koki sjúklinga, annars vegar þegar þeir matast og hins vegar af röntgenmyndum. Komi kyngingarerfiðleikar í ljós, metur talmeinafræðingur hvort breyta þurfi áferð matar og/ eða drykkja.

### **Talmeinafræðingur teymisins er:**

Ester Sighvatsdóttir. Sími: 543 9125. Netfang: esters@lsh.is

Aðrir sem tengjast MND teyminu eru taugasálfræðingur, lungnalæknar, röntgenlæknar og meltingarsérfræðingar

Formaður MND félagsins er Guðjón Sigurðsson og skrifstofa þess er í Sigtúni 42, 105 Reykjavík. Síminn er 565 5727. Heimasíða félagsins er [www.mnd.is](http://www.mnd.is)

Dag og göngudeild taugalækningadeildar er staðsett á A-2 í Fossvogi. Opíð alla daga frá kl. 8.00 -16.00. Sími 543 4010.